

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um ákvörðun aflamarks 1984.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert var úthlutað aflamark til hvers skips árið 1984, sundurliðað eftir tegundum, þegar úthlutun var endanlega lokið það ár og hvert hefði aflamarkið orðið ef það hefði eingöngu verið ákvarðað út frá veiðireynslu skipsins, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 44/1984?
2. Hversu miklu hlutfalli af heildaraflamarki hverrar botnfishtekundar var úthlutað í samræmi við veiðireynslu á viðmiðunartímabilinu?
3. Hvaða skip urðu fyrir skerðingu á aflamarki í botnfishtekundum vegna veiða samkvæmt sérstökum veiðileyfum, þ.e. loðnu-, skelfisk-, rækju-, humar- og síldveiðileyfum, á viðmiðunartímabilinu, sem var frá 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, og hve mikil var skerðingin í hverri tegund hjá hverju skipi?
4. Hve mikil var skerðingin samtals í hverri botnfishtekund og hverjum flokki skipa sem tilgreindur var í 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984?
5. Hvaða skip voru í 1. flokki fiskiskipa skv. 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvaða aflamark í hverri botnfishtekund fengu þau hvert um sig og samtals?
6. Hversu miklu aflamarki samtals í hverri botnfishtekund var bætt við skip, sem höfðu tafist frá veiðum á viðmiðunartímabilinu, skv. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvernig skiptist sú viðbót eftir skipum?

Skriflegt svar óskast.
